# Reglur um Guðfinnubikarinn

## 1. gr.

Guðfinnubikar Golfsambands Íslands (GSÍ) er veittur þeim áhugamanni sem leikur á lægsta skori í kvennaflokki á Íslandsmótinu í golfi ár hvert, í fyrsta sinn árið 2024.

Bikarinn er veittur til heiðurs Guðfinnu Sigurþórsdóttur, en hún varð fyrst kvenna Íslandmeistari í golfi árið 1967 og hampaði þeim titli alls 3 sinnum.

## 2. gr.

Nafn þess áhugamanns í kvennaflokki sem leikur á lægsta skori á Íslandsmótinu í golfi skal letrað á fót bikarsins, ásamt ártali. Leiki fleiri en einn leikmaður á sama skori skal rita nöfn þeirra allra á fót bikarsins.

## 3. gr.

Bikarinn skal varðveittur af GSÍ en viðkomandi leikmenn skulu fá afhentan áletraðan silfurskjöld til eignar.

*Samþykkt af stjórn Golfsambands Íslands 9. 2024.*